



Veikindi og leyfi

Veikindi og leyfi nemenda til skemmri tíma skal tilkynna til skólans. Hér að neðan eru verklagsreglur skólans:

- Foreldrar tilkynna veikindi barns að morgni, s: 450 8370.
 - o Það má einnig senda skólastjóra og/eða umsjónarkennara tölvupóst að kvöldi.
- Ef um langtíma veikindi er að ræða, t.d. ef barn er lagt inn á sjúkrahús eða fyrirséð að barnið komi ekki næstu daga, þá er það tilkynnt í upphafi veikinda, ekki þarf þá að hringja eða senda tölvupóst daglega. Gott er þó að upplýsa umsjónarkennara og/eða skólastjóra um stöðuna.
- Ef barn á ekki að sækja sund- eða íþróttatíma, en er í skólanum, þarf foreldri að láta vita. Það er ekki hlutverk barnsins að láta vita. Það sama á við ef barn má ekki fara í sturtu eftir íþróttir. Það má hringja, senda tölvupóst eða senda miða með undirskrift foreldris. Einnig er í boði að hringja beint í íþróttahús, s: 450 8470.
- Varðandi aðrar fjarvistir, eins og leyfi, þá er hægt að biðja umsjónarkennara um frí. En ef um lengri tíma en tvo daga er að ræða, þarf að sækja um það skriflega til skólastjóra. [Hér](#) má finna eyðublaðið.